

# SÚÐAVÍKURHREPPUR

## FUNDARGERÐ

21. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR, KJÖRTÍMABILID 2018-2022

Árið 2020, miðvikudaginn 16. janúar kl. 10:00, var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í fundarsal Álftavers, Grundarstræti 1.

Mætt voru Samúel Kristjánsson, Karl Guðmundur Kjartansson, Elsa G. Borgarsdóttir, Ásgeir Hólm Agnarsson og Elín Gylfadóttir.

Bragi Þór Thoroddsen, sveitarstjóri, ritaði fundargerð.

Samúel Kristjánsson setti fund kl. 10:00 og bauð viðstadda velkomna og athugaði með lögmati fundarins.

Oddviti bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

Dagskrá:

1. Fundargerð skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefndar 12. desember 2019
2. Fundargerð skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefndar 6. janúar 2020
3. Gjaldskrá Súðavíkurhrepps – endurskoðun
4. Erindi vegna sumarbyggðar
5. Erindi frá landeigendum í Ögri
6. Sameining sveitarfélaga- þingsályktunartillaga


Afgreiðsla erinda:

1. Fundargerð skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefndar 12. desember 2019
  - Deiliskipulag í Folafæti – 1910005.  
Tillaga fundar Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefndar sem haldinn var 12. desember 2019 þar sem lagt er til við sveitarstjórn að deiliskipulagslýsing fyrir Vébjarnarstaði á Folafæti verði send til umsagnar til hagsmunaaðila og kynnt almenningi sbr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.  
*Sveitarstjórn samþykkir tillögu nefndarinnar.*
  - Deiliskipulag inn af Langeyri – 1911001.  
Tillaga fundar Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefndar sem haldinn var 12. desember 2019 þar sem lagt er til við sveitarstjórn að deiliskipulagsbreyting fyrir iðnaðar- og athafnasvæðið á Langeyri verði samþykkt óbreytt.  
*Sveitarstjórn samþykkir tillögu nefndarinnar.*
  - Deiliskipulag í Hattardal – 1909014.  
Tillaga fundar Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefndar sem haldinn var 12. desember 2019 þar sem lagt er til við sveitarstjórn að deiliskipulag í Hattardal, Hattardalsvirkjun verði samþykkt óbreytt.  
*Sveitarstjórn samþykkir tillögu nefndarinnar.*  
*Fundargerð nefndarinnar samþykkt.*


2. Fundargerð skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefndar 6. janúar 2020.
  - Aðalskipulag Súðavíkurhrepps 2019-2030 – 1902001.  
Tillaga fundar Skipulags-, byggingar-, umhverfis- og samgöngunefndar sem haldinn var 6. janúar 2020 þar sem lagt er til við sveitarstjórn að Aðalskipulag Súðavíkurhrepps 2018-2030 verði samþykkt með þeim breytingum sem fram koma.  
*Sveitarstjórn samþykkir tillögur nefndarinnar um breytingar á texta til samræmis við innkomnar athugasemdir.*
  - Deiliskipulag inn af Langeyri – 1901001.  
Tillaga fundar Skipulags-, byggingar-, umhverfis- og samgöngunefndar sem haldinn var 6. janúar 2020 þar sem lagt er til við sveitarstjórn að deiliskipulag inn af Langeyri, hafnar- og iðnaðarsvæði samþykkt óbreytt.  
*Sveitarstjórn samþykkir tillögu nefndarinnar.*
3. Gjaldskrá Súðavíkurhrepps – endurskoðun.  
Samþykkt að gjaldskrá verði óbreytt en hækki með vísan til vísitölu.
4. Erindi vegna sumarbyggðar.  
Sveitarstjóra falið að kanna málið.
5. Erindi frá landeigendum í Ögri.  
Sveitarstjóra falið að boða landeigendur Ögurs á fund og ræða erindi.
6. Sameining sveitarfélaga – þingsályktunartillaga.  
Sveitarstjóra falið að kanna afstöðu annarra sveitarfélaga sem eru í sambærilegri stöðu með vísan til þingsályktunartillögunnar.
7. Leigumál.  
Sveitarstjóri vék af fundi.  
  
Önnur mál tekin upp á fundi:  
Sveitarstjóri kemur aftur inn á fund.
  - a. Samráðsvettvangur - val á áhersluverkefnum 2020 – 2024 – Vestfjarðastofa. Fultrúar verði sendir á fundinn frá Súðavíkurhreppi.
  - b. Umræður um bjargir í Súðavíkurhreppi – neyðarútbúnað eða önnur viðbrögð.  
Sveitarstjórn leggur áherslu á að tryggja betur öryggi og bjargir í öllum hreppnum.
  - c. Sorpmál – endurvinnsla. Kannað verði með að bæta þjónustu varðandi endurvinnslu.  
Sveitarstjóra falið að kanna með að leggja sorpgjöld á öll fyrirtæki sem ekki hafa sérstaka samninga um sorphirðu.


Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 13:12

  
Elsa G. Borgarsdóttir

  
Elín Gylfadóttir

  
Karl Guðmundur Kjartansson

  
Ásgeir Hólm Agnarsson

  
Samúel Kristjánsson  
oddviti